

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 587 — 260. mál.

Svar

**umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Þórarni Inga Péturssyni
um hlutfall íslenskra matvæla í innkaupum ráðuneyta.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert var hlutfall íslenskra matvæla í innkaupum ráðuneytisins árið 2017?

Ekki liggja fyrir upplýsingar um upprunaland matvæla sem keypt voru á árinu 2017 né á fyrri árum hjá ráðuneytinu. Öll kaup á matvælum eru bókuð á einn tegundalykil í bókhaldi og eru þau ekki sundurgreind eftir því hvað er verið að kaupa, svo sem eftir innihaldi, magni eða uppruna.